



## Vinnureglur um úthlutun tíma í íþróttamannvirki.

UMSB tekur að sér í samræmi við grein 6.2. í samstarfssamningi sambandsins og Borgarbyggðar að úthluta til aðildarfélaga sinna tímum í íþróttamannvirki Borgarbyggðar. Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um úthlutunina.

### Verklag - undirbúningur

Borgarbyggð skal fyrir 1. júní ár hver tilkynna UMSB hvað margir tímar verða til ráðstöfunar fyrir UMSB til úthlutunar til aðildarfélaga sinna. Tímum skal skipt niður á daga og tíma dags fyrir hvert mannvirki fyrir sig.

1. UMSB skal fyrir 1. júní kalla eftir umsóknum um tíma í mannvirkjunum fyrir næsta vetur. Umsækjendur skulu í umsóknum tilgreina heildar tímafjölda, skiptingu tíma á daga, tíma dags og skiptingu tíma á aldursflokka.
2. Á grunni heildartímafjölda og óska um úthlutun, skal UMSB gera tillögu um skiptingu tíma í mannvirki í samræmi við úthlutunarreglur þessar. UMSB skal senda tillögurnar á aðildarfélögin í síðasta lagi 1. júlí og óska eftir athugasemdum við úthlutunina. Gefa skal aðildarfélögunum tvær vikur til að senda inn athugasemdir. Geri félögin ekki skriflegar athugasemdir skoðast það sem samþykki þeirra á úthlutuninni.
3. UMSB skal fyrir 1. ágúst ár hvert gefa út bráðabirgðatöflu og senda á umsækjendur til umsagnar. Endanlega töflu skal síðan gefa út ekki seinna en 20. ágúst.
4. Tímatafla skal taka gildi 1. september ár hvert og gildir til 30. apríl.

### Úthlutun - viðmiðunarreglur

Þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við skiptingu tíma í mannvirki eru:

1. óskir umsækjenda og áætlun um notkun á tímum
2. fjölda úthlutaðra tíma frá árinu áður
3. nýtingu viðkomandi félags eða deildar á úthlutaðum tímum síðasta árs

Í október ár hvert skal fara yfir með þeim félögum og deildum sem hafa tíma til ráðstöfunar í mannvirkjum hvernig nýting tíma er. Einnig skal skoða hvort möguleikar séu á samnýtingu tíma á milli félaga og deilda. Ef breyta þarf niðurröðun tíma skal sérstaklega skoða hvernig sú breyting samræmist tímatöflu vegna Tómsundaaksturs.